

# Héraðsdómur Austurlands

Úrskurður 28. september 2021

Mál nr. E-29/2020:

Einar Björn Tómasson

*(Lárus Sigurður Lárusson lögmaður)*

gegn

Caiano Shipping II AS,

*(Bragi Dór Hafþórsson lögmaður)*

Landhelgisgæslu Íslands,

*(Bjarki Ólafsson lögmaður)*

Fjarðabyggð,

*(Jón Jónsson lögmaður)*

Olíudreifingu ehf. og

Birgi Axelssyni, Einari Magnúsi Einarssyni og Ómari Norðdal Arnarsyni

*(Jón Jónsson lögmaður )*

Úrskurður.

I.

1. Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. september 2021, að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu, er höfðað 29. nóvember 2019, af Einari Birni Tómassyni, kt. [...], .... Reykjavík, til greiðslu björgunarlauna, gegn Caiano Shipping II AS, fyrirtækjanr. ... Noregi, Landhelgisgæslu Íslands, kt. [...], ... Reykjavík, Fjarðabyggð, kt. [...], ... Reyðarfirði, Olíudreifingu ehf., kt. [...], ... Reykjavík, Birgi Axelssyni, kt. [...], ... Hafnarfirði, Einari Magnúsi Einarssyni, kt. [...], ... Akureyri, og Ómari Norðdal Arnarsyni, kt. [...], ... Hveragerði.

2. Dómkröfur stefnanda, Einars Björns, eru tilgreindar með eftirfarandi hætti í stefnu:

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi Caiano Shipping II AS verði dæmur til að greiða stefnanda 8.877.285 kr., auk dráttarvaxta frá 29. janúar 2015 til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndu Landhelgisgæsla Íslands og Fjarðabyggð verði dæmd in solidum til þess að greiða stefnanda 8.877.285 kr., auk dráttarvaxta frá 29. janúar 2015 til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi Olíudreifing ehf. verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 8.877.285 kr., auk dráttarvaxta frá 29. janúar 2015 til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Þá segir í stefnu að í öllum tilvikum krefjist stefnandi þess að öðrum stefndu, þeim Birgi Axelssyni, Einari Magnúsi Einarssyni og Ómari Norðdal Arnarsyni, verði gert að þola dóm um framangreindar kröfur hans, en þar um vísar hann til 170. gr. f í siglingalögum nr. 34/1985 og 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnandi krefst málskostnaðar í öllum tilvikum úr hendi stefndu að skaðlausu eða skv. síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti, og þá að viðbættum virðisaukaskatti, sbr. lög nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Aðalstefndi Caiano Shipping II AS krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst aðalstefndi þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og í báðum tilvikum krefst hann þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu. Til þrautavara krefst aðalstefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Varastefndi Landhelgisgæsla Íslands krefst þess aðallega að varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Til vara krefst nefndur varastefndi þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til þrautavara að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í öllum tilvikum er þess krafist að stefnandi greiði málskostnað, en jafnframt að hann verði dæmdur til álags, sbr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Varastefndi Fjarðabyggð krefst þess aðallega að varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst varastefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Þrautavarastefndi, Olíudreifing ehf., krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi

málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Stefndu Birgir Axelsson, Einar Magnús Einarsson og Ómar Norðdal Arnarson krefjast allir málskostnaðar, en þeir gera að öðru leyti engar kröfur í málinu, og þá með vísan til þess að stefnandi hafi ekki uppi kröfur á hendur þeim.

## II.

Helstu málsatvik.

1. Samkvæmt gögnum málsins var frystiskipið M/V Green Freezer að kveldi miðvikudagsins 17. september 2014 á leið til hafnar í Fáskrúðsfirði. Skipið var þunglestað frystum sjávarafurðum, en farmur þess mun hafa verið um 2.800 tonn. Að auki voru olúbirgðir um borð u.þ.b. 550 tonn. Skipið, sem er 109 m að lengd og 18 m að breidd, var í greint sinn með 17 manna áhöfn.

Laust fyrir kl. 20:00 umrætt kvöld, og rétt eftir að hafnsögumaður hafði komið um borð í M/V Green Freezer, varð bilun í skiptiskrúfubúnaði skipsins. Varð þetta til þess að skipið strandaði með skutinn uppi í fjörunni fyrir neðna býlið Eyri í sunnanverðum Fáskrúðsfirði. Strandið var strax tilkynnt hafnaryfirvöldum í Fjarðabyggð, en einnig Landhelgisgæslu Íslands, kl. 20:03. Þá var strandið einnig mjög fljótlega tilkynnt Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu á Austurlandi, og nálægum fiskiskipum. Loks var Umhverfisstofnun gert viðvart um strandið, en í framhaldi af því var fyrirsvarsmanni Olúdreifingar ehf. einnig gert viðvart um atburðinn, sbr. dskj. nr. 61.

Af gögnum verður ráðið að flotgirðingu hafi verið komi fyrir við M/V Green Freezer að morgni fimmtudagsins 18. september, en þá einkum til öryggis. Þá mun Landhelgisgæslunni hafi verið tilkynnt um áætlun fyrirsvarsmanna frystiskipsins um björgun þess, og þá þannig að Vöttur, dráttarbátur hafnarstjórnar Fjarðabyggðar, myndi mögulega reyna að draga skipið á flot. Óumdeilt er að ekkert varð af þeirri tilraun í það sinnið.

2. Af gögnum verður ráðið að fyrirsvarsmenn aðalstefnda, Caiano Shipping II AS, hafi mjög fljótlega eftir strandið gert björgunarsamning við Svitzer Salvage BV, sem er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í björgunaraðgerðum. Voru fjórir menn á vegum

Svitzer, þar með talinn skipaverkfræðingur, komnir á strandstað kl. 21:00 fimmtudagskvöldið 18. september nefnt ár.

Í atvikalýsingu starfsmanns Svitzer segir m.a. frá því að skoðun kafara hafi leitt í ljós að við strandið hefði stýrisblað og skrúfa M/V Green Freezer orðið fyrir sýnilegum skemmdum, en að ekki hafi verið merki um frekari skemmdir. Þá er tekið fram að ekki hafi verið merki um leka. Er hin síðastgreinda lýsing í samræmi við skýrslur og aðgerðayfirlit starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem gættu að ástandi frystiskipsins á strandstaðnum.

Í nefndri atvikalýsingu Svitzer Salvage BV segir frá því að kl. 23:30 umrætt fimmtudagskvöld hafi björgunaráætlun legið fyrir, sem m.a. hafi falist í drætti og réttingu á stefnu frystiskipsins M/V Green Freezer.

3. Samkvæmt gögnum kom varðskipið Þór á strandstaðinn að kveldi fimmtudagsins 18. september, en um borð var 18 manna áhöfn. Segir frá því að um kl. 1:00 aðfaranótt föstudagsins 19. september hafi fyrirsvarsmönnum aðalstefnda, Caiano Shipping II AS, verið gerð grein fyrir því að þá um miðnættið hefði Landhelgisgæslan ákveðið í samráði við Umhverfisstofnun að taka yfir björgunaraðgerðir á vettvangi, sbr. heimildarákvæði 15. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar. Er staðhæft að þar hafi helst ráðið að björgunaráætlun eiganda skips hafi ekki verið talin fullnægjandi, og að ekki hefði verið gerð ný björgunaráætlun af þeirra hálfu, og loks að varðskipið hafi þurft að sinna öðrum verkefnum. Fram kemur í gögnum að stjórnendur hins stefnda félags hafi mótmælt þessari íhlutun Landhelgisgæslunnar í bréfi, dagsettu sama dag. Í bréfi þessu er m.a. vísað til þess að björgunaráætlun Svitzer hafi verið kynnt Landhelgisgæslunni föstudagsmorguninn 19. september, kl. 9:00, en einnig það álit að aðgerðir á þeirri stundu væru ótímabærar af öryggisástæðum, og þá m.a. í ljósi þess að allar aðstæður á vettvangi hafi verið með ágætum, þ. á m. sjólag, veður og veðurspá, og því hafi engin bein hættu verið fyrir fólk, umhverfi eða eignir.

4. Samkvæmt gögnum togaði varðskiptið Þór í M/V Green Freezer á háflóði um hádegisbilið föstudaginn 19. september. Rann sú björgunartilraun út í sandinn þegar togvír á milli skipanna slitnaði.

5. Ágreiningslaust er að í kjölfar ofangreindra aðgerða, þ.e. síðdegis föstudaginn 19. september, hafi varastefndi Landhelgisgæslan haft samband við fyrirvarsmann þrautavarastefnda, Olíudreifingu ehf. Var farið fram á að félagið aðstoðaði við að dæla olíu úr frystiskipinu M/V Green Freezer, og þá í þeim tilgangi að létta það.

Þegar nefnd hjálparbeiðni Landhelgisgæslunnar barst forsvarsmanni Olíudreifingar ehf. var stefnandi þessa máls í Vopnafirði, ásamt samskipsmönnum sínum, við störf um borð á olíuflutningaskipi félagsins, Laugarnesinu RE. Óumdeilt er að strax var brugðist við nefndri beiðni og sigldi áhöfnin skipinu til Fáskrúðsfjarðar, og var það komið á strandstaðinn laust eftir miðnættið aðfaranótt laugardagsins 20. september.

6. Samkvæmt gögnum lagðist Laugarnesið RE fljótlega eftir komu á strandstaðinn að síðu frystiskipsins M/V Green Freezer, en í framhaldi af því hófu stefnandi og samskipsmenn hans að dæla olíu á milli skipanna. Um tíuleytið að morgni 20. september var lokið við að dæla um 140 þúsund lítrum af olíu úr afturtönkum M/V Green Freezer. Var það látið nægja, enda hafði skipið þá rétt sig nokkuð af, en því hafði hallað um 9° og því var dælingunni hætt, en jafnframt var Laugarnesinu siglt frá frystiskipinu.

Samkvæmt gögnum tókst áhöfninni á varðskipinu á Þór laugardaginn 20. september, kl. 10:52, með aðstoð áhafnar Vattar, dráttarbáts hafnarstjórnar Fjarðabyggðar, að draga og ýta M/V Green Freezer á flot. Eftir það lagðist olíuflutningaskipið Laugarnes að frystiskipinu, en í framhaldi af því var olíunni á ný dælt í tanka þess, og mun þeirri aðgerð hafa lokið um kl. 14:30. Eftir það var frystiskipið dregið af varðskipinu Þór til hafnar í Fáskrúðsfirði, en þar var því á ný komið í vörslur skipstjóra og eiganda.

7. Ágreiningslaust er að þar sem frystiskipið M/V Green Freezer strandaði í Fáskrúðsfirði var mjúkur leirjarðvegur á hafsbotni. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar sjóslysa var hægviðri á vettvangi þegar atburður þessi gerðist. Samkvæmt skýrslum Landhelgisgæslunnar var sjólag á strandstað gott á meðan á lýstum aðgerðum stóð, og segir að af þeim sökum hafi verið lítil hætta á umhverfismengun. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndarinnar varð ekki vart við leka frá frystiskipinu á strandstaðnum, og er sagt að engin teljandi mengun hafi orðið af strandi þess. Er þetta í

samræmi við skýrslu starfsmanna Landhelgisgæslunnar, dags. 30. september 2014, en þar segir m.a. að við botnskoðun á frystiskipinu hafi aðeins verið „sjáanlegar rispur og smáveigis dældir. Ekki var vart við leka eða mengun frá skipinu.“ Samkvæmt atvikalýsingu stefnanda lá þó dimm þoka yfir Fáskrúðsfirði í greint sinn, en af þeim sökum hafi skyggni verið lítið.

8. Óumdeilt er að vegna ofangreindra björgunaraðgerða gerði þrautavarastefndi, Olúdreifing ehf., varastefnda Landhelgisgæslunni tvo reikninga, dagsetta 30. september og 29. október 2014, samtals að fjárhæð 3.558.357 krónur. Reikningar þessir voru greiddir 22. október 2014 og 13. febrúar 2015.

9. Í málavaxtalýsingu sinni vísar aðalstefndi, Caiano Shipping II As, en einnig varastefndu Landhelgisgæslan og sveitarfélagið Fjarðabyggð, m.a. til þess að þeir hafi náð samkomulagi í nóvember 2015 um þóknun vegna björgunar M/V Green Freezer. Er staðhæft að tekið hafi verið mið af ákvæði 2. mgr. 168. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Óumdeilt er að tilurð samkomulags hafi m.a. ráðist af kröfubréfi lögmannsstofu varastefndu þar sem fyrrgreindum aðgerðum við björgun frystiskipsins var að nokkru lýst og þá m.a. aðkomu olúflutningaskips þrautavarastefnda, Olúdreifingar ehf. Í nefndu bréfi er einnig tiltekið að sameiginlegt virði M/V Green Freezer og farms þess hafi verið 998.694.542 krónur, að krafa varastefndu, að fjárhæð. 50.000.000 króna, væri reist á ákvæðum siglingalaganna, 168. gr. og 170. gr., og dómarfordæmum Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum.

Nefndir málsaðilar vísa til þess að til grundvallar nefndu samkomulagi hafi legið sameiginlegur skilningur þeirra við samningsgerðina, þ.e. að starfsmenn varastefndu, ásamt búnaði og tækum þeirra, hafi verið björgunaraðstoð í skilningi áðurgreindra ákvæða siglingalaganna, en einnig að áðurgreindur kostnaður vegna aðkomu olúskips þrautavarastefnda, Laugarnessins RE, og áhafnar þess, að fjárhæð 3.558.357 krónur, hafi verið meðtalin í samningsfjárhæðinni um björgunarlaunin, en þá einnig kostnaður varastefndu, sbr. dskj. nr. 15 og 18. Hafi niðurstaðan að lokum orðið sú að tryggingarfélagi aðalstefnda, Caiano Shipping II As, og fjögurra farmseigenda, North of England protecting and indemnity association limited, hafi greitt varastefndu samtals 49.990.283 krónur. Liggur fyrir að nefndri fjárhæð hafi verið ráðstafað með eftirfarandi hætti:

• „Hlutur Landhelgisgæslu Íslands	kr. 44.572.239
• Hlutur Fjarðabyggðar	kr. 5.418.044
Samtals	<u>kr. 49.990.283</u>

Hlutur Landhelgisgæslu Íslands kr. 44.572.239 var ráðstafað með eftirfarandi hætti:

■ Olúkostnaður varðskipsins Þórs	kr. 4.353.097
■ Tíón á skipi, dráttarvír o.fl.	kr. 13.470.605
* Kostnaður flugdeildar	kr. 3.430.000
• Kostnaður vegna kafara	kr. 1.464.766
Tryggingargjald vegna hlutar áhafnar	kr. 447.690
■ Björgunarlaun greidd til Olúdreifingar ehf.	kr. 3.558.357
■ Lögfræðikostnaður LOGOS	kr. 2.620.157
■ Hlutur áhafnar Þórs	kr. 6.091.027
• Landhelgissjóður	kr. 9.136.540
Samtals	<u>kr. 44.572.239</u>

Hlutur Fjarðabyggðar kr. 5.418.044 var ráðstafað með eftirfarandi hætti ....:

* Lögfræðikostnaður LOGOS	kr. 323.840
■ Útlagður kostnaður	kr. 4.476.477
* Hlutur útgerðar og áhafnar Vattar	<u>kr. 617.727</u>
Samtals	kr. 5.418.044

Samkvæmt þessu skiptust björgunarlaun milli björgunarmanna með eftirfarandi hætti í samræmi við 170. gr. siglingalaga;

■ Landhelgisgæsla Íslands vegna varðskipsins Þórs	(82%) kr. 41.013.882
■ Olúdreifing ehf. vegna Laugarness	(7%) kr. 3.558.357
* Fjarðabyggð vegna Vattar	(11%) kr. 5.418.044.“

10. Samkvæmt gögnum krafði þáverandi lögmaður stefnanda aðalstefnda, Caiano Shipping II As, um björgunarlaun, með bréfi, dags. 29. janúar 2015, og þá fyrir hans hönd, en einnig vegna stefndu, þ.e. Birgis Axelssonar, Einars Magnúsar Einarssonar og Ómars Norðdal Arnarsonar. Um málavexti og rökstuðning var í kröfubréfi þessu m.a. vísað til ákvæða a-liðar 1. mgr. 163. gr. og 1. mgr. 168. gr. siglingalaganna nr. 34/1985.

Lögmaður aðalstefnda hafnaði kröfu þessari í bréfi, dagsettu 3. mars 2015, en þar var málavaxtalýsing í kröfubréfinu jafnframt andmælt, þ. á m. að því er varðaði hættu á umhverfistjóni og að um björgun í skilningi 163. gr. siglingalaga hafi verið að ræða. Þá var í andmælabréfinu einnig vísað til þess að af hálfu aðalstefnda hefði ekki verið óskað

eftir aðstoð stefnanda og samskiptanna hans á Laugarnesinu RE, en að auki að þeir hefðu á verknaðarstundu eftir atvikum verið undirverktakar hjá Landhelgisgæslunni og bæri þeim af þeim sökum að beina kröfum sínum þangað.

Í kjölfar lýstra samskipta, hinn 4. janúar 2016, tilkynnti nefndur lögmaður stefnanda um fyrirhugaða málsókn hans og fyrrnefndra samskiptanna hans. Gekk það eftir og var dómsmálið höfðað með stefnu birtri 15. september 2016. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, í máli nr. E-3177/2016, uppkveðnum þann 14. desember 2017, var málinu vísað frá dómi.

### III.

Helstu málsástæður stefnanda samkvæmt stefnu.

1. Stefnandi vísar um fjárkröfur sínar samkvæmt stefnu, á hendur aðalstefnda Caiano Shipping II AS, og þá um laun vegna björgunar frystiskipsins M/V Green Freezer 19. og 20. september 2014, til ákvæða VIII. kafla siglingalaganna nr. 34/1985, einkum 167. - 169. gr., sbr. og til 1. mgr. 13. gr. alþjóðlega björgunarsamningsins frá 1989.

2. Stefnandi byggir á því að aðgerðir áhafnar olíuflutningaskipsins Lauganess RE hafi falið í sér björgun í skilningi a-liðar 163. gr. og 164. gr. siglingalaganna. Hann byggir einnig á því að samkvæmt 1. mgr. 167. gr. nefndra laga eigi björgunarmaður rétt til björgunarlauna. Þá byggir stefnandi á því að réttur til björgunarlauna vegna þátttöku hans í umræddri björgun sé sjálfstæður og verði eigi skertur þó svo að Landhelgisgæsla Íslands hafi tekið yfir stjórn aðgerða á vettvangi. Þá byggir hann á því að ákveða beri björgunarlaunin með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. siglingalaganna, sbr. að því leyti athugasemdir með breytingalögum nr. 133/1996.

3. Stefnandi reisir kröfu sína nánar á því að þegar atvik máls gerðust, og þá í ljósi aðstæðna, hafi yfirvofandi hætta steðjað að frystiskipinu M/V Green Freezer og farmi þess, enda hafi veðurskilyrði farið versnandi á strandstaðnum. Vegna þessa hafi hætta á mengun og farið vaxandi, en einnig hafi komið til aðgerðaleyfi fyrrisvarsmanna skipsins og aðalstefnda. Stefnandi byggir jafnframt á því að hann hafi lagt sig í yfirvofandi hættu við björgunina, en hið sama hafi gilt um skipið og farm þess, en einnig nærliggjandi umhverfi. Í ljósi þessa áréttar stefnandi að miða beri björgunarlaunin við áðurgreint ákvæði 1. mgr. 168. gr. siglingalaganna og þá fremur en ákvæði 2. mgr. sömu

lagagreinar.

Stefnandi vísar öllu ofangreindu til stuðnings til þeirra krafna, rökstuðnings og samningaviðræðna og loks hinnar endanlegu niðurstöðu, sem varastefndu Landhelgisgæslan og Fjarðabyggð hafi að loknu náð í fyrnefndu ferli, sbr. það sem komið hafi í þeirra hlut fyrir björgunina, sbr. það sem rakið var í kafla II, lið 9 hér að framan. Hann bendir á að kostnaður varastefndu Landhelgisgæslunnar og Fjarðabyggðar við björgunina hafi samkvæmt nefndum gögnum numið samtals 41.430.584 krónum, en engu að síður hafi þeim verið greitt samtals 49.990.283 krónur. Segir stefnandi að þetta bendi til þess við ákvörðun um greiðslu þessa hafi ekki verið tekið mið af ákvæði 2. mgr. 168. gr. siglingalaganna.

4. Stefnandi bendir á að með breytingarlögum siglingalaganna, fyrnefndum lögum nr. 133/1998, hafi verið gerð breyting á VIII. kafla siglingalaganna. Með breytingunni hafi verið lögð aukin áhersla á það atriði við ákvörðun um björgunarlaun, að þau hvettu til björgunar, sbr. nýmæli í 1. mgr. 168. gr. laganna. Stefnandi bendir á að nefnd breyting hafi átt röt sína að rekja til alþjóðasamnings um björgun, sem samþykktur hafi verið á ráðstefnu í London hinn 28. apríl 1989.

5. Um réttmæta fjárhæð björgunarlauna hans í þessu máli, sbr. stefnufjárhæðina, vísar stefnandi til ákvæða 1. mgr. 167. gr. svo og þeirra matskenndu atriða sem fram komi í staflaðum a-g í 1. mgr. 168. gr. siglingalaganna, þ.e.: a) *Verðmæti þess sem bjargað er.* b) *Verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgun skips, annars lausafjár og mannlífa.* c) *Verklagni og atorku björgunarmanna við að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.* d) *Að hve miklu leyti björgunin tókst.* e) *Eðli og umfang hættunnar.* g) *Hve skjótt hjálpin var veitt.*

Stefnandi rökstyður ofanefnd atriði, hvert og eitt, nánar í stefnu, en hann leggur einnig áherslu á að M/V Green Freezer sé stórt flutningaskip, sem sé búið kæli- og frystibúnaði. Hann áréttar að samkvæmt áður nefndu kröfubréfi lögmanns varastefndu Landhelgisgæslu Íslands og Fjarðabyggðar til stefnanda hinn 29. apríl 2015 hafi heildarverðmæti skips og farms samkvæmt upplýsingum eigenda þess verið 998.694.542 krónur. Stefnandi staðhæfir að þessi upphæð sé því óumdeild, og því miði hann við hana í stefnukröfu sinni.

Stefnandi lætur það álit í ljós að staflíðir i og j í nefndri 1. mgr. 168. gr. siglingalaganna eigi ekki við í hans tilviki þar sem þau atriði eigi aðeins við í tilvikum þar sem björgun hafi verið framkvæmd af aðila sem hafi björgun að atvinnu.

Stefnandi byggir á því og þá í ljósi allra ofangreindra atriða og röksemda, ásamt eðli björgunarlauna, að stefnukrafa hans að því er varðar björgunarlaun sé sanngjörn og eðlileg.

Stefnandi byggir á því, og þá með vísan til alls framangreinds, að hæfileg björgunarlaun nemi 1/10 af fyrrgreindu heildarverðmæti skipsins M/V Green Freezer og farmi þess. Hann bendir á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 170. gr. c í siglingalögum sé réttmætur hlutur áhafnar í björgunarlaunum 2/5 á móti útgerðinni, en þar af eigi 1/3 hluti að renna til skipstjóra, en 2/3 hlutar til skipsáhafnarinnar. Stefnandi bendir á að hann hafi verið um borð í Laugarnesinu RE, ásamt tveimur öðrum skipverjum, þegar atvik máls gerðust, og því eigi hlutur hans í björgunarlaununum að vera 8.877.285 krónur.

6. Stefnandi byggir á því að engu breyti um lýstan rétt hans til björgunarlauna þó svo að ekkert samningssamband hafi verið á milli aðalstefnda, eiganda frystiskipsins M/V Green Freezer, og þrautavarastefnda, Olíudreifingar ehf., eða áhafnarinnar. Þá breyti það engu að stefndi hafi ekki sérstaklega óskað eftir aðstoð hans. Þar um vísar stefnandi til ákvæða a-liðar 3. mgr. 166. gr. siglingalaganna um að eigandi skips, útgerðarmaður eða skipstjóri, ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt sé að bjarga, beri tiltekna skyldu gagnvart björgunarmanni, þ.e. að veita liðsinni við björgunina. Í því viðfangi bendir stefnandi á að samkvæmt ákvæði b-liðar 3. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar beri björgunarmanni skylda til þess að sýna aðgát þegar björgunaraðgerðir standa yfir, en að auki beri honum að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

7. Stefnandi staðhæfir að þegar atvik máls þessa gerðust hafi hættan á umhverfistjóni verið ein meginástæða þess að hann hafi komið að þeim aðgerðum sem hér að framan hefur verið lýst. Hann bendir jafnframt á að þegar atburðurinn gerðist hafi honum verið skylt, líkt og öðrum skipverjum á Laugarnesinu RE, að hlýða kalli Landhelgisgæslunnar, sbr. 7. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006.

8. Stefnandi bendir að lokum á að í kjölfar umræddra björgunaraðgerða hafi þrautavarastefndi, Olíudreifing ehf., gefið út tvo reikninga, sbr. það sem rakið var í kafla

II., lið 8 hér að framan. Í því viðfangi bendir stefnandi á að þrátt fyrir að hinu fyrra máli hans hafi verið vísað frá dómi breyti það ekki því að í reynd séu það skipverjar sem séu meginþátttakendur í björgunaraðgerðum. Og vegna þessa sé það með öllu óásættanlegt, sem gangi jafnframt í berhögg við markmið siglingalaganna, að hvetja til björgunar, ef skipverjar eru hlunnfarnir með þeim hætti að þóknun til útgerðar þoki rétti þeirra til björgunarlauna til hliðar.

Stefnandi andmælir því að krafa hans í máli þessu sé fyrnd, en þar um vísar hann til áðurrakinna málsatvika, sbr. m.a. kafla I hér að framan. Jafnframt vísar hann til ákvæða 1. töluliðar 1. mgr. 215. gr. siglingalaganna, 93. gr. einkamálalaganna nr. 91/1991 og 1. málslíðar 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 21. gr. fyrningarlaganna nr. 150/2007. Sömu sjónarmið viðhefur stefnandi að því er varðar tómlætisáhrif.

9. Að því er varðar varakröfur, verði ekki fallist á lýsta aðalkröfu gagnvart aðalstefnanda, byggir stefnandi á því að hann eigi rétt á hlutdeild í þeim björgunarlaunum sem greidd voru til varastefndu Landhelgisgæslu Íslands og Fjarðabyggðar. Að því leyti byggir stefnandi á öllum ofangreindum málsástæðum og sjónarmiðum að breyttu breytanda. Hann byggir á því að varastefndu hafi tekið við björgunarlaunum og að hann eigi rétt til hlutdeildar í þeim, sbr. ákvæði 170. gr. og 4. mgr. 170. gr. c í siglingalögum.

10. Að því er varðar þrautavarakröfuna byggir stefnandi á því að hann eigi rétt til hlutdeildar í björgunarlaunum úr hendi þrautavarastefnda, Olíudreifingar ehf., en að því leyti byggir hann á öllum ofangreindum málsástæðum og sjónarmiðum að breyttu breytanda.

Stefnandi byggir nánar á því að þrautavarastefndi hafi tekið við greiðslum vegna lýsts liðsinnis olíuskipisins Langaness RE við björgun skipisins M/V Green Freezer í umrætt sinn, en þar eigi stefnandi rétt til hlutdeildar samkvæmt ákvæði 170. gr. siglingalaga. Stefnandi bendir á að hann hafi ásamt öðrum skipverjum Laugarnessins RE tekið þátt í björgunaraðgerðunum og eigi því skýlausan rétt til hlutdeildar í þessum launum.

Stefnandi byggir á því að hann eigi sjálfstæðan rétt til höfðunar máls þessa vegna nefndrar kröfu og þá með vísan til markmiða laganna, þ.e. að hvetja til björgunar. Hann byggir á því að gagnstæð niðurstaða verði að teljast ótæk, en einnig sé hún óeðlileg og ósanngjörn og í hrópandi ósamræmi við téð markmið, þ.e. ef réttur skipverja, þeirra sem í reynd hafi komið að björgun, oftast en ekki í hættumiklum og krefjandi aðstæðum, sé

ekki til staðar og þeir hlunnfarnir og þá við þær aðstæður þegar útgerð og aðrir skipverjar synji eða séu ófúsir um að ljá atbeina sinn við heimtingu björgunarlauna.

Í ljósi ofangreinds kveðst stefnandi byggja á því að hann eigi rétt til björgunarlauna úr hendi þrautavarastefnda, Olíudreifingar ehf., enda hafi félaginu borið að hafa slíka kröfu uppi gagnvart aðalstefnda, eiganda M/V Green Freezer.

11. Að því er varðar lagatilvísanir vísar stefnandi til ákvæða siglingalaganna nr. 34/1985, einkum VIII. kaflans um björgun, sem og til almennra reglna kröfuréttarins. Þá vísar hann til laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Kröfuna um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og kröfuna um málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti, styður hann við XXI. kafla laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísar hann loks til 1. mgr. 170. gr. f í siglingalögum.

12. Aðalstefndi, varastefndu og þrautavarastefndi krefjast allir sýknu í máli þessu, en einnig málskostnaðar, en eins og fyrr sagði verður í þessum þætti aðeins fjallað um kröfur þeirra um frávísun málsins.

#### IV.

Helstu málsástæður og sjónarmið aðalstefnda, Caiano Shipping II AS, um frávísun málsins.

1. Aðalstefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að stefnandi hafi í máli þessu ekki fylgt ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985 um réttan málalíbúnað og bendir hann á að í VIII. kafla laganna sé að finna reglur um björgun og björgunarlaun, einkum í 163. - 170. gr.

2. Aðalstefndi vísar jafnframt til þess að í ofangeindum lagagreinum siglingalaganna sé m.a. að finna skilgreiningar á hugtakinu björgun og fleiri hugtökum sem tengist björgun, en einnig sé þar ákvæði um björgunarsamninga, um rétt til björgunarlauna, um útreikning björgunarlauna og um skiptingu björgunarlauna milli björgunarmanna og um ábyrgð á greiðslu björgunarlauna. Að auk sé þar að finna ákvæði um tiltekin atriði sem varði réttarfarið í dómsmálum um björgunarlaun o.fl.

3. Aðalstefndi bendir á að samkvæmt 1. mgr. 164. gr. siglingalaganna sé kveðið á um að ákvæðum VIII. kafla laganna beri að beita um björgunarmál sem höfðuð séu fyrir

íslenskum dómstólum. Staðhæfir stefndi að hér sé um að ræða sérákvæði sem gildi framfar öðrum lögum og reglum íslensks réttar við úrlausn björgunarmála og því beri að fylgja þeim.

4. Aðalstefndi vísar til þess að í 3. mgr. 170. gr. f í siglingalögum sé skýrt kveðið á um að sé mál höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna, skuli stefna öllum þeim aðilum sem kröfu eiga til hlutdeildar, og sé það ekki gert beri að vísa málinu frá dómi. Stefndi byggir á því að regla þessi sé mjög skýr og afdráttarlaus, og þá um að stefnanda í málum af þessu tagi sé ekki í sjálfsvald sett hverjum hann kýs að beina máli sínu gegn.

5. Aðalstefndi bendir á að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi það fyrir að margir aðilar hafi átt hlut að máli, þ.e. þegar frystiskipið M/V Green Freezer var dregið á flot af strandstað í septembermánuði 2014. Þar megi nefna björgunafélagið Svitser, Landhelgisgæslu Íslands, dráttarbátinn Vött, starfsmenn Olíudreifingar ehf. á landi og sjó, starfsmenn Umhverfisstofnunar og fleiri.

6. Aðalstefndi bendir á að siglingalögin geri ráð fyrir að björgunarmenn eigi rétt til björgunarlauna þegar björgunaraðgerðir bera árangur, sbr. 1. mgr. 167. gr. laganna. Að auki sér gert ráð fyrir að björgunarlaunum sé skipt með ákveðnum hætti milli björgunarmanna, séu þeir fleiri en einn, sbr. 170. gr. siglingalaganna.

Aðalstefndi vísar til þess að í 170. gr. c í siglingalögum sé með nákvæmum hætti kveðið á um hvernig björgunarlaunum skuli ráðstafað, hvort sem björgun er framkvæmd af íslensku skipi (1.-6. mgr.), erlendu skipi (7. mgr.) eða öðrum en skipi (8. mgr.). Þegar björgun sé framkvæmd af skipi sé kveðið á um að björgunarlaunin skiptist með tilteknum hætti milli útgerðar og áhafnar, en þá eftir að tjón og kostnaður við eldsneyti og laun skipstjóra og skipshafnar hafa verið greidd. Falli þannig 3/5 hlutar til útgerðar og 2/5 til áhafnar. Aðalstefndi bendir enn fremur á að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands eigi starfsmenn hennar rétt á björgunarlaunum samkvæmt siglingalögum. Leiði þetta til þess að áhafnarmeðlimir varðskipa eigi sama rétt til hlutdeildar í björgunarlaunum og almennt gildir um áhafnir íslenskra skipa. Aðalstefndi bendir loks á að samkvæmt 27. gr. laga nr. 52/2006 eigi hlutur Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum að renna í Landhelgissjóð.

7. Aðalstefndi bendir á að í máli þessu hafi stefnandi stefnt, auk hans, Landhelgisgæslu Íslands, Fjarðabyggð, Olíudreifingu og þremur áhafnarmedlimum Laugarnessins RE. Aðalstefndi segir að af málalíbúnaði stefnanda megi ljóst vera að hann telji að skilyrði 3. mgr. 170. gr. f í siglingalögum gildi, enda vísi hann til ákvæðisins til rökstuðnings fyrir aðild meðstefndu, þ.e. þeirra Birgis Axelssonar, Einars Magnúasar Einarssonar og Ómars Norðdal Arnarsonar. Á hinn bóginn hafi stefnandi eigi stefnt öðrum aðilum sem komu að björgunaraðgerðunum í Fáskrúðsfirði, en ættu með réttu einnig, samkvæmt framangreindum ákvæðum siglingalaga og lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands, að eiga tilkall til hlutdeildar í björgunarlaunum ef niðurstaða málsins yrði sú að stefndi yrði dæmdur til greiðslu björgunarlauna. Þar um nefnir aðalstefndi Landhelgissjóð, áhafnarmedlimi á dráttarbátinum Vetti og áhafnarmedlimi á varðskipinu Þór.

8. Aðalstefndi byggir á því að þegar ofangreind atriði séu virt beri að vísa málinu frá dómi, sbr. hið skýra orðalag í 3. mgr. 170. gr. f í siglingalögum.

9. Aðalstefndi bendir á að samkvæmt 4. mgr. 170. gr. c í siglingalögum, sbr. 9. gr. breytingalaga nr. 133/1998, sé það útgerðarmaður sem sé réttur aðili að kröfu um björgunarlaun, og að honum beri síðan að senda hverjum þeim sem á hlutdeild í björgunarlaunum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu. Aðalstefndi byggir á því að ekki sé heimild í siglingalögum fyrir áhöfn, eða aðra sem eiga hugsanlega hlutdeild í björgunarlaunum, að gera sjálfstæða kröfu um björgunarlaunin gagnvart eiganda bjargaðs skips. Aðalstefndi byggir á því að þannig sé réttur þeirra sem hlut eigi í björgunarlaunum svo samtvinnuður að ekki verði skilið þar á milli, enda væri óvinnandi verk að hver og einn færi fram með sína eigin kröfu, og því megi ætla að það sé grundvöllur lagaákvæðisins. Aðalstefndi byggir á því að vegna þessa verði ekki hjá því komist að dæma um björgunarlaun í einu lagi, sbr. skýr ákvæði þar um í 170. gr. og 170. gr. c í siglingalögum, sbr. og það sem hér að framan hefur verið rakið um hið lögboðna ferli.

Aðalstefnandi byggir á því og áréttar að framangreint atriði girði fyrir að stefnandi eigi sjálfstæðan rétt til að gera kröfu gagnvart honum um hin umstefndu

björgunarlaun. Í öllu falli hafi stefnandi ekki gert nægilega grein fyrir því hvernig hann telji sig geta höfðað mál þetta einn síns liðs, líkt og atvikum máls þessa sé háttað.

10. Aðalstefndi byggir á því að dómkrafa stefnanda sé vanreifuð í stefnu. Hann áréttar að í 170. gr. c í siglingalögum sé með skýrum og nákvæmum hætti kveðið á um það hvernig björgunarlaunum skuli skipt, sbr. það sem rakið var hér að framan í lið 6.

Aðalstefndi staðhæfir að í útreikningi og framsetningu stefnanda sé ekki gert ráð fyrir frádrætti á grundvelli nefnds ákvæðis, sbr. m.a. það sem rakið var í kafla II, lið 9 um útgjöld varastefndu Landhelgisgæslu Íslands, Fjarðabyggðar og Olíudreifingar ehf. Að þessu leyti bendir aðalstefndi á tilgreind orð í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3177/2016, í máli sem stefnandi, ásamt þremur öðrum áhafnarmeðlimum Laugarnessins höfðuðu árið 2016 gegn aðalstefnda til greiðslu björgunarlauna, sbr.: „*Þá verður ekki ráðið af reifun stefnanda á fjárhæð krafna sinna hvort þar sé tekið tillit til frádráttar samkvæmt 1. mgr. 170. gr. c eða hvaða fjárhæð sé ella dregin frá. Er reifun á þessu þó nauðsynleg, enda eru þeir liðir sem um getur í þessu ákvæði dregnir frá björgunarlaunum áður en þeim er skipt samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Eru kröfur stefnanda vanreifaðar að þessu leyti, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.*“

Byggir aðalstefndi á því að slíkir vankantar séu á dómkröfu stefnanda, sem ekki hafi verið bætt úr þrátt fyrir framangreindan rökstuðning fyrir frávísun hins fyrra máls, og því eigi þetta einnig að leiða til frávísunar þessa máls.

## V.

Helstu málsástæður og sjónarmið varastefnda Landhelgisgæslu Íslands, um frávísun málsins.

1. Nefndur varastefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að verulegir annmarkar séu á málatilbúnaði stefnanda og að þeir fari gegn ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 133/1998, en einnig ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

2. Varastefndi bendir á að samkvæmt málatilbúnaði stefnanda lýsi hann ágreiningi um skiptingu björgunarlauna, sem hann telji sig eiga rétt á sem meðlimur áhafnar á skipinu Laugarnesi RE, en eigandi þess og útgerðarmaður sé þrautavarastefndi í máli þessu, Olíudreifing ehf.

Varastefndi byggir á því að í 3. mgr. 170. gr. f í siglingalögum sé skýrlega mælt fyrir um að ef mál er höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skuli stefna öllum þeim aðilum sem kröfur eigi til hlutdeildar og sé þeim ekki öllum stefnt beri að vísa málinu frá dómi. Varastefndi byggir á því að hér sé um sérreglu um samaðild að ræða sem stefnanda hafi borið að fylgja við höfðun þessa máls enda sé málatilbúnaður hans byggður á ákvæðum VIII. kafla siglingalaganna, sbr. 1. mgr. 164. gr. sömu laga.

Varastefndi bendir á að hann, sem er útgerðarmaður varðskipsins Þórs, og Fjarðabyggð, sem er útgerðarmaður dráttarbátsins Vattar, hafi samið um björgunarlaun við aðalstefnda, eiganda M/V Green Freezer, og eigendur farmsins um borð í skipinu sem bjargað var, og hafi þeim launum verið skipt á milli varastefndu í samræmi við 170. gr. siglingalaganna. Þrautavarastefndi, Olúdreifing ehf., hafi ekki átt beina aðild að þessu samkomulagi, en í þess stað hafi krafa félagsins verið innifalin í kröfu varastefnda Landhelgisgæslunnar, og þá sem hluti af kostnaði hennar við björgun frystiskipsins.

Varastefndi bendir á og áréttar að hann hafi að fengnum sínum hluta björgunarlaunanna skipt þeim í samræmi við ákvæði 170. gr. c í siglingalögum, sbr. umfjöllun hér að framan í kafla II, lið 9. Og þegar útlagður kostnaður við björgunina hafði verið greiddur hafi því sem eftir stóð verið skipt milli Landhelgissjóðs Íslands samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands og 18 manna áhafnar Þórs, sbr. framlögð skjöl þar um. Við flutning var vísað til þess að hlutur þeirra 17 áhafnarmedlima varðskipsins Þórs, fyrir utan skipherrann, hafi verið á bilinu 188.371 til 315.289 krónur.

3. Varastefndi byggir á því að stefnandi hafi samkvæmt framansögðu ekki gætt að ákvæði 3. mgr. 170. gr. f í siglingalögum, en samkvæmt ákvæðinu hafi honum borið að stefna ekki aðeins varastefnda í þessu máli heldur jafnframt Landhelgissjóði og áhöfn Þórs sem hafi fengið greidd umrædd björgunarlaun sem og áhöfn Vattar, enda ljóst að verði fallist á kröfu stefnanda um hlutdeild í björgunarlaunum myndi það hafa áhrif á hlut allra þessara aðila. Vegna þessa verði ekki komist hjá því að vísa dómkröfum stefnanda frá dómi, sbr. skýrt orðalag í nefndu ákvæði siglingalaganna.

4. Nefndur varastefndi byggir einnig á því að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki ákvæði d- og e-liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og sé hann haldinn slíkum annmörkum að ekki verði hjá því komist að vísa varakröfu hans frá

dómi. Hann bendir á að í stefnu krefjist stefnandi þess að hann og varastefndi Fjarðabyggð greiði honum in solidum 8.877.285 krónur, auk dráttarvaxta frá 29. janúar 2015, og þá sem hlut stefnanda í björgunarlaunum Laugarnessins ER. Þar um miði stefnandi við að verðmæti M/V Green Freezer og þess farms sem bjargað var hafi verið 998.694.524 krónur. Og af þeim sökum hafi björgunarlaun Laugarness átt að vera einn tíundi (1/10) eða 99.886.945 krónur. Og með vísan til 2. mgr. 170. gr. c í siglingalögum hafi hlutur stefnanda í björgunarlaunum átt að vera fyrrgreind fjárhæð, þ.e. 8.877.285 krónur.

Varastefndi byggir á því að í lýstum útreikningi stefnanda á fjárhæð dómkröfu sinnar hafi hann ekki tekið tillit til 1. mgr. 170. gr. c í siglingalögum, sem leiðir til þess að dómkrafan sé vanreifuð. Því til viðbótar staðhæfir varastefndi að stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um áhöfn Laugarnessins RE eða um þær greiðslur sem hann hafi fengið greiddar frá útgerð skipsins á þeim tíma sem það var við björgunarstörf. Að auki hafi stefnandi ekki lagt fram gögn um skiptiáætlun útgerðar Laugarnessins RE. Varastefndi byggir á því að með framlagningu slíkra gagna hefðu komið fram nauðsynlegar upplýsingar, en með því móti hefði verið unnt að taka afstöðu til útreiknings stefnanda á dómkröfunni.

5. Varastefndi vísar til þess að málsástæða stefnanda á hendur honum og varastefnda Fjarðabyggð byggist á því að tilgreind fjárhæð, 8.877.285 krónur, sé hlutur hans í þeim björgunarlaunum sem varastefndu hafi þegar fengið sem greiðslu, að fjárhæð 49.990.283 krónur. Varastefndi byggir á því að stefnandi geri hins vegar ekki grein fyrir því á skýran og greinargóðan hátt af hverju hlutdeild hans í þegar greiddum björgunarlaunum eigi að vera 8.877.285 krónur. Hið sama gildi um af hverju varastefndu, þ.e. hann og Fjarðabyggð, eigi að þola þá skerðingu sem nemi nefndri fjárhæð. Varastefndi byggir á því að kröfufjárhæð stefnanda eigi sér í raun enga stoð miðað við fyrirbyggjandi gögn málsins, en að auki sé krafa hans í engu samræmi við greiðslurnar til þrautavarastefnda, Olíudreifingar ehf., að fjárhæð 3.558.357 krónur. Þá sé mismunurinn á þessum fjárhæðum ekki skýrður með neinum hætti af hálfu stefnanda í stefnu. Þá byggir varastefndi á því að ekki verði ráðið hvort stefnandi hafi í kröfugerð sinni tekið tillit til þess frádráttar sem mælt sé fyrir um 1. mgr. 170. gr. c í siglingalögum vegna aðkomu olíuflutningaskipsins Laugarness RE eða eftir atvikum til fyrrgreindar fjárhæðar sem féll í hlut eiganda og útgerðar skipsins, að fjárhæð 3.558.357 krónur.

6. Varastefndi vísar einnig til þess að stefnandi geri ekki neina grein fyrir því af hverju varastefndu eigi að greiða honum umrædda dómkröfu „in solidum“ og hvort skilyrði fyrir slíkri ábyrgð séu fyrir hendi í þessu máli þar sem ekki verði séð að kröfusamband sé á milli stefnanda og varastefndu.

7. Varastefndi byggir á því að stefnandi geti ekki bætt úr framangreindum annmörkum á málatilbúnaði sínum undir rekstri málsins, sbr. ákvæði 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 80. gr. sömu laga, en af þeim sökum beri að vísa málinu frá dómi.

## VI.

Helstu málsástæður og sjónarmið varastefnda Fjarðabyggðar um frávísun málsins.

1. Nefndur varastefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að stefnan uppfylli ekki ákvæði 80. gr. einkamálalaganna nr. 91/1991, einkum e-lið greinarinnar. Hann byggir nánar á því að möguleg ábyrgð hins stefnda sveitarfélags á greiðslunni sé verulega vanreifuð í stefnu.

Varastefndi vísar til þess að varakrafa stefnanda sé að sömu fjárhæð og aðalkrafa hans, en segir að með öllu sé óútskýrt hvernig stefnandi, sem hafi verið hluti af áhöfn Laugarnessins RE, geti átt rétt á 8.877.285 krónum í björgunarlaun, og þá af 49.990.283 króna greiðslu, sem runnið hafi til varastefndu, þ.e. Fjarðabyggðar og Landhelgisgæslunnar. Varastefndi bendir á að nefnd fjárhæð hafi m.a. tekið mið af beinum kostnaði, þ.m.t. lögmanskostnaði og kostnaði Landhelgisgæslunnar af þjónustu Olíudreifingar ehf. Varastefndi bendir einnig á í þessu samhengi að ekki liggi fyrir hverjar hafi verið tekjur stefnanda vegna vinnu hans hjá þrautavarastefnda, Olíudreifingu ehf., vegna verkefnisins.

2. Varastefndi byggir á því að grundvöllurinn fyrir kröfu stefnanda í máli þessu og þá á hendur báðum varastefndu sé í raun allt annar en gagnvart aðalstefnda. Þá staðhæfir hann að í stefnu sé hvorki útlistun á málsástæðum eða tölulegum útreikningi til stuðnings gerðum kröfum.

## VII.

Helstu málsástæður og sjónarmið þrautavarastefnda Olíudreifingar ehf. um frávísun málsins.

1. Þrautavarastefndi byggir á því að stefna máls þessa uppfylli ekki ákvæði 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum e-lið greinarinnar. Hann vísar helst til þess að möguleg ábyrgð hans á hinni umkröfðu greiðslu sé verulega vanreifuð, en í því viðfangi bendir hann á að í stefnu sé tilgreind sama fjárhæð og krafist sé í aðalkröfunni. Það sé hins vegar eigi útskýrt hvernig stefnandi geti átt rétt á 8.877.285 krónum úr hendi þrautavarastefnda. Í því viðfangi bendir þrautavarastefndi á að hann hafi vegna lýsts verkefnis í tvígang fengið greidda fjármuni, þ.e. 2.903.262 + 655.075, samtals 3.558.337 krónur, sbr. kafla II, lið 8 hér að framan. Hann byggir á því að stefnandi hafi ekki rökstutt hvernig hann geti átt rétt á hinni umkröfðu fjárhæð, 8.877.285 krónum, og þá að virtum hinum fyrrnefndu fjárhæðum.

## VIII.

Sjónarmið stefnanda um frávísunarkröfur stefndu.

1. Stefnandi andmælir því að einhverjir þeir annmarkar séu á málatilbúnaði hans sem leiða eigi til frávísunar málsins. Stefnandi vísar til þess að í stefnu sé sérstaklega fjallað um fjárkröfu hans og þá með hvað hætti hún sé fundin út. Stefnandi útlistaði þennan þátt nánar í hinum munnlega málflutningi og staðhæfði m.a. að ágreiningur og máltilbúnaður stefndu varðandi tiltekna frádráttarliði tilheyrði helst efnishlið málsins og varðaði því ekki frávísun.

2. Stefnandi vísar til þess að hann byggi aðild sína í málinu á 4. mgr. 170. gr. c í siglingalögum nr. 34/1985, en samkvæmt ákvæðinu eigi hann rétt til hlutdeildar í björgunarlaunum sem björgunarmaður og meðlimur áhafnar Laugarnessins RE á þeim tíma sem björgunaraðgerðir fóru fram vegna strands flutningaskipsins M/V Green Freezer. Hann sé því handhafi réttmætrar kröfu á hendur aðalstefnda, sem eiganda hins bjargaða.

Stefnandi bendir á að hann höfði mál þetta aðeins fyrir eigin hönd og því án aðkomu útgerðarinnar og þeirra skipverja Laugarnessins RE, sem jafnframt hafi tekið

þátt í björgunaraðgerðum í greint sinn.

Stefnandi vísar til þess að þó svo að sá háttur sé algengur og eðlilegur að útgerðarmaður krefjist björgunarlauna girði ákvæði siglingalaganna með engu móti fyrir, og enn síður almennar reglur kröfuréttarins, að skipverji geti sjálfur höfðað mál um sjálfstæðar kröfur fyrir sína eigin hönd án aðkomu útgerðar. Öðrum þeim, sem kunni að eiga rétt til björgunarlauna, sé stefnt í máli þessu til að þola dóm um kröfu hans, sbr. ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnandi vísar um sjálfstæðan rétt sinn til að höfða mál þetta til markmiða siglingalaganna, þ.e. að hvetja til björgunar. Hann staðhæfir að gagnstæða niðurstöðu verði að telja ótæka og í hrópandi ósamræmi við téð markmið, þ.e. ef réttur skipverja, þeirra sem í reynd koma að björgun, oftar en ekki í hættumiklum og krefjandi aðstæðum, sé hlunnfarinn ef útgerð og öðrum skipverjum sé heimilt að synja eða séu ófúsir að ljá atbeina sinn við heimtingu björgunarlauna.

## IX

### Niðurstaða.

1. Stefnandi höfðar þetta mál og krefst björgunarlauna úr hendi aðalstefnda, ellegar varastefndu og þrautavarastefnda, og byggir hann málssókn sína á ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, með síðari breytingum.
2. Gildissvið björgunarreglna siglingalaganna er skilgreint í 163. gr., 164. gr. og 167. gr., og verða þau lögð til grundvallar í björgunarmálum sem höfðuð eru fyrir íslenskum dómstólum. Til þess er að líta að í gildi er samningsfrelsi, og því er með skilyrðum unnt að víkja frá umræddum björgunarreglum, sbr. ákvæði 1. ml. 1. mgr. 165. gr. siglingalaganna. Þannig er hægt að semja um frávík frá mikilvægum reglum laganna, eins og 1. mgr. 167. gr., 168. gr. og 170. gr., að því frátöldu að ekki er hægt með samningum að skerða rétt áhafnar til björgunarlauna umfram það sem myndi gilda væru björgunarreglur siglingalaganna lagðar til grundvallar. Í þessu tilliti og eins og mál þetta er vaxið lítur dómurinn svo á að stefnanda hafi verið heimilt að höfða mál þetta, að öðrum lögboðnum skilyrðum uppfylltum, og er því andstæðum sjónarmiðum hafnað.
3. Í máli þessu er ekki ágreiningur um að eftir að frystiskipið M/V Green Freezer, í eigu aðalstefnda strandaði í Fáskrúðsfirði, að kveldi 17. september 2014, hafi farið fram

björgun í skilningi a-liðar 163. gr. siglingalaganna. Þá er óumdeilt að við björgunina komu við sögu m.a. áhafnir þriggja skipa, þ.e. varðskipsins Þórs, skip varastefnda Landhelgisgæslunnar, dráttarbáturinn Vöttur, skip varastefnda Fjarðabyggðar, svo og olíuflutningaskipið Langanes RE, skip þrautavarastefnda Olíudreifingar ehf., sbr. að því leyti ákvæði b og c liða 2. mgr. 166. gr. siglingalaganna. Stefnandi var í áhöfn síðast nefnda skipsins. Þá komu fleiri aðilar við sögu við björgunina, þ. á m. starfsmenn björgunarfélagsins Svitzer Salvage BV og starfsmenn Umhverfisstofnunar.

4. Í 4. mgr. 170. gr. c í siglingalögunum er sú skylda lögð á útgerðarmann, að jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi, að senda hverjum þeim sem á hlutdeild í björgunarlaununum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu og skulu mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að tilkynningin var send.

5. Aðalstefndi gerði seinni hluta ársins 2015 samning við varastefndu um greiðslu björgunarlauna vegna strands M/V Green Freezer, og þá með aðkomu Landhelgisgjóðs, sbr. ákvæði 27. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands, en í framhaldi af því var gerð hlutaskipting um nettóbjörgunalaunin. Þar voru m.a. tíundaðar greiðslur til nefndra málsaðila, en einnig greiðslur til átján manna áhafnar varðskipsins Þórs og til áhafnar dráttarbátsins Vattar. Á meðal sundurliðaðra frádráttarliða vegna hlutaskiptanna var og útlagður kostnaðar þrautavarastefnda Olíudreifingar ehf. vegna björgunarinnar. Er í þessu viðfangi til þess að líta að þegar atvik máls gerðust var í gildi samningur, dagsettur 23. maí 2006, millum Umhverfisstofnunar og þrautavarastefnda, Olíudreifingar ehf., um verktöku og viðbrögð félagsins vegna bráðamengunar ofl., gegn gjaldi og þá vegna útlagðs kostnaðar og vinnulauna.

6. Í máli þessu varðar hinn efnislegi ágreiningur málsaðila m.a. það atriði hvort að skilyrði 1. mgr. 167. gr. eða sérregla 2. mgr. sömu lagagreinar siglingalaganna hafi átt við um björgun M/V Green Freezer eða ekki, og þá vegna alvarleika atburðarins.

7. Þá er ágreiningur með aðilum um útreikninga, og þá helst að því er varðar lögákveðna skiptingu hlutdeildar í björgunarlaunum, en einnig um frádráttarliði og nettóbjörgunarlaunin, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 170. gr. c. siglingalaganna, og loks um aðild stefnanda að málinu. Af hálfu aðalstefnda, varastefndu og þrautavarastefnda er krafist frávísunar málsins vegna hinna síðast greindu atriða, líkt og hér að framan hefur verið rakið.

8. Í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, er mælt fyrir um í d-lið að í stefnu skuli greina svo glöggst sem verða megi dómkröfur stefnanda og í e-lið er áskilið að í stefnu skuli greina svo glöggst sem verða megi málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þurfi að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skuli vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið sé.

Í 3. mgr. 170. gr. f. siglingalaganna, sbr. 9. gr. breytingarlaga nr. 133/1998, segir: Ef mál er höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skal stefna öllum þeim aðilum sem kröfur eiga til hlutdeildar. Stefndu geta gert sjálfstæðar kröfur án þess að höfða gagnsök. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð einkamála. Sé ekki öllum aðilum stefnt skal málinu vísað frá dómi

9. Að virtum framlögðum gögnum og því sem hér að framan hefur verið rakið hefur stefnandi í ljósi kröfugerðar sinnar í máli þessu að álit dómsins eigi fullnægt skilyrðum 3. mgr. 170. gr. f., siglingalaganna að því er varðar hina skyldubundnu málshöfðun. Þá hefur stefnandi að álit dómsins eigi hagað málatilbúnaði sínum í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 170. gr. c laganna, að því er varðar sundurliðun og tilgreiningu frádráttarliða varðandi nettóbjörgunarlaun og er krafa hans að því leyti vanreifuð, sbr. ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

10. Með vísan til þess sem að framan greinir og vegna lýstra ágalla á málatilbúnaði stefnanda ber að vísa máli þessu frá dómi og þá í ljósi kröfugerðar aðalstefnda, varastefndu og þrautavarstefndu.

Með vísan til málsúrslita og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ber stefnanda að greiða aðalstefnda, varastefndu, þrautavarstefnda og öðrum stefndu málskostnað, eins og segir í úrskurðarorði, og er þá tekið tillit til virðisaukaskatts. Eftir atvikum og í ljósi andmæla stefnanda þykja ekki vera efni til nýta heimild til að úrskurða hann til að greiða álag á málskostnaðinn, sbr. ákvæði 2. mgr., sbr. a. lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og er þeirri kröfu varastefnda Landhelgisgæslu Íslands því hafnað.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði aðalstefnda, Caiano Shipping II AS, 942.000 krónur í málskostnað, varastefnda Landhelgisgæslu Íslands 942.000 krónur í málskostnað, varastefnda Fjarðabyggð 589.000 krónur í málskostnað, þrautavarstefnda Olúdreifingu ehf. 589.000 krónur í málskostnað, stefnda Birgi Axelssyni 235.000 krónur í málskostnað, Einari Magnúsi Einarssyni 235.000 krónur í málskostnað og Ómari Norðdal Arnarsyni 235.000 krónur í málskostnað.

-----

[Úrskurður Landsréttar í máli nr. 612/2021, uppkveðinn 10. desember 2021]